

Ræða Auðar Bjarkar Guðmundsdóttur, formanns dómnefndar um Íslensku þekkingarverðlaunin til handa viðskiptafræðingi / hagfræðingi ársins 2009, 11. febrúar 2010.

Forseti Íslands, Herra Ólafur Ragnar Grímsson, kæru félagsmenn FVH og aðrir gestir.

Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga veitir nú í áttunda sinn viðurkenningu til viðskiptafræðings eða hagfræðings ársins. Í byrjun þessa árs skipaði stjórn félagsins dómnefnd sem fékk það hlutverk sjá um valið.

Í nefndinni sátu auk mín, Arna Harðardóttir, framkvæmdastjóri hjá Auði Capital, Jón G. Hauksson, ritstjóri Frjálsrar verslunar, Margrét Guðmundsdóttir forstjóri Icepharma og Jafet Ólafsson, fjárfestir. Ég vil fá að nota tækifærið hér og nú til að þakka þeim fyrir þeirra framlag og gott samstarf.

Frá upphafi höfum við fylgt svipuðum vinnubrögðum í valinu á viðskiptafræðingi eða hagfræðingi ársins. Leitað er eftir álitum félagsmanna með vefkönnun og tekur dómnefndin tillit til þeirra niðurstaðna í vali sínu. Tilnefnt er úr hópi viðskiptafræðinga og hagfræðinga sem talið er hafa skarað fram úr öðrum fremur á síðastliðnu ári. Þátttaka í vefkönnuninni var góð og þökkum við félagsmönnum fyrir þeirra framlag.

Meðal þeirra atriða sem dómnefndin hafði að leiðarljósi við valið var að velja viðskiptafræðing eða hagfræðing sem hefur sýnt frábæran árangur í starfi undanfarin ár. Litið var m.a. til ábyrgðar í rekstri, leiðtogaþæfni og að viðkomandi væri okkur góð fyrirmynd. Við valið lagði dómnefndin áherslu á að viðkomandi hefði náð framúrskarandi

góðum árangri á árinu 2009. Margir voru tilnefndir en dómnefndin komst að þeirri niðurstöðu að velja

Magnús Geir Þórðarson, sem viðskiptafræðing ársins 2009.

Magnús Geir er leikhússtjóri Borgarleikhússins. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík og nam leikstjórn við Bristol Old Vic Theatre School. Þá lauk hann MA prófi í leikhúsfræðum við The University of Wales og MBA prófi frá Háskólanum í Reykjavík.

Magnús Geir var ráðinn leikhússtjóri Borgarleikhússins árið 2008 eftir að hafa stýrt leikfélagi Akureyrar um fjögurra ára skeið með frábærum árangri.

Á Akureyri var algjör viðsnúningur á starfsemi leikhússins undir hans stjórn. Bylting varð á aðsókn að leikhúsinu en árlegur fjöldi leikhúsgesta nífaldaðist í hans tíð og sala áskriftarkorta margfaldaðist. Í listrænu tilliti var árangur Magnúsar einnig frábær, en sýningar leikfélagsins fengu góða dóma auk þess að hljóta fjölda verðlauna og viðurkenninga. Leikhúsið varð eitt helsta aðráttarafl Akureyrar og hafði mikil og góð áhrif á ferðaþjónustu á Eyjafjarðarsvæðinu. Alger viðsnúningur varð á fjármálum leikhússins en hagnaður var á rekstri leikfélagsins öll leikár Magnúsar.

Borgarleikhúsið, sem Magnús Geir stýrir í dag, er fjölsóttasta leikhús landsins. Gestir hafa aldrei verið fleiri en á síðasta leikári þegar um 208.000 gestir sóttu sýningar leikhússins. Það er mesta aðsókn í sögu íslensks leikhúss. Magnús leggur áherslu á afar fjölbreytt verkefnaval og kappkostar að eiga í virku samtali við samfélagið. Það er honum kappsmál að leikhúsið bjóði upp á framúrskarandi leiksýningar og að Borgarleikhúsið sé opið öllum landsmönnum.

Árangur Borgarleikhússins í kortasölu hefur verið með ólíkindum, en frá því að Magnús Geir tók við sem leikhússtjóri hefur hún meira en átjánfaldast. Borgarleikhúsið státar nú af um 10.000 kortagestum en þeir voru áður um 500 talsins.

Magnús Geir hefur náð á eftirtektarverðan máta að tengja saman viðskipti, menningu og listir og hann hefur náð bæði faglegum og rekstrarlegum árangri með leikhúsin sem hann hefur stýrt. Hann er mikill frumkvöðull á sínu sviði og óumdeildur sem slíkur. Magnús hefur sýnt og sannað að í honum býr mikill leiðtogi því bæði starfsandi jafnt sem aðsókn hafa náð mikilli siglingu undir hans stjórn.

Sýningar í Borgarleikhúsinu hafa verið fjölbreyttar og vandaðar auk þess sem reksturinn hefur gengið vel. Reksturinn á síðasta starfsári var t.a.m. hallalaus þrátt fyrir óvæntan niðurskurð á opinberum stuðningi vegna kreppunnar. Með samstilltu átaki starfsmanna leikhúsins, frábærri aðsókn, aðhaldi og sparnaði og góðu samstarfi við samstarfsaðila náði Borgarleikhúsið undir stjórn Magnúsar að brúa bilið og ná endum saman.

Magnús Geir er vel að þessari viðurkenningu kominn. Það er niðurstaða dómnefndar FVH að hann sé óumdeilanlega þess verðugur að vera viðskiptafræðingur ársins 2009.

Ég vil biðja Magnús Geir að koma hingað upp á svið og taka við viðurkenningunni úr hendi forseta Íslands.